ÞÍN RÉTTINDI Í HNOTSKURN

Reglur ESB gera það að verkum að rafrænar greiðslur verða ódýrari, einfaldari og öruggari.

- Þú getur greitt fyrir vörur og þjónustu innan Evrópu (ESB, Íslandi, Noregi og Liechtenstein) á jafn auðveldan og öruggan hátt eins og í heimalandi hvers og eins.
- Ekki er heimilt að leggja á aukakostnað þegar greitt er með greiðslukorti sem gefið er út innan EES-svæðisins.
- Reglurnar ná til allra tegunda rafrænna greiðslna (t.d. millifærslna og greiðslna með debet- og kreditkorti).
- Allir með lögmæta búsetu á Evrópska efnahagssvæðinu eiga rétt á bankareikningi til að geta greitt með rafrænum hætti („greiðslureikningur“).

HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ VITA MEIRA?

Þessi réttindi eiga uppruna sinn í endurskoðaðri tilskipun um greiðsluþjónustu (PSD2) og annarri löggjöf Evrópusambandsins sem hefur að markmiði að gera greiðslur öruggari og þægilegri.

Þú getur fræðst nánar um réttindi þín hér:

https://europa.eu/!rh44HJ

© European Union, 2019

European Commission

ÞÍN RÉTTINDI

ÞEGAR ÞÚ FRAMKVÆMIR GREIÐSLUR Í EVRÓPU



Banka- og fjármálastarfsemi

RAFRÆNAR GREIÐSLUR AÐGENGILEGAR ÖLLUM

- Allir neytendur með lögmæta búsetu á Evrópska efnahagssvæðinu hafa rétt á að minnsta kosti almennum greiðslureikningi án endurgjalds eða gegn sanngjörnu gjaldi (þ.e. reikningur með debetkorti, til að leggja inn eða taka út reiðufé, framkvæma greiðslur eða taka við þeim, þ.m.t. millifæra fjármuni til og frá þriðja aðila).

GREIÐSLUR – SAMI KOSTNAÐUR OG INNANLANDS

- Almennur greiðslureikningur gerir þér kleift að framkvæma greiðslur hvar sem er á Evrópska efnahagssvæðinu.
- Greiðslur yfir landamæri í evrum munu kosta þig jafnmikið og greiðslur innanlands í evrum.
- ...og frá 15. desember 2019 munu greiðslur þínar yfir landamæri í evrum kosta jafnmikið og greiðslur innanlands í gjaldmiðli viðkomandi ríkis.
- Peningaúttektir í hraðbönkum í evrum utan þess svæðis sem hraðbankar viðskiptabanka þíns eru á, ættu að kosta þig það sama hvort sem er í heimalandi þínu eða í öðrum löndum innan Evrópska efnahafssvæðisins.

MEIRA ÖRYGGI, BETRI VÖRN

- Með innleiðingu laga um greiðsluþjónustu urðu rafrænar greiðslur öruggari vegna sterkrar sannvottunar viðskiptavina. Þetta er tryggt með blöndu af mismunandi sannvottunarupplýsingum, svo sem PIN númeri og fingrafari.
- Ábyrgð neytanda í tengslum við óheimilaða greiðslu, til dæmis ef kreditkorti hans er stolið, er bundin við jafnvirði 50 evra í íslenskum krónum að hámarki (nema ef um stórfellt gáleysi er að ræða).
- Þú berð ekki ábyrgð á óheimilum greiðslum sem eiga sér stað eftir að þú hefur gert bankanum þínum viðvart eða greiðslum á netinu ef greiðsluþjónustuveitandi þinn eða banki tryggir ekki að sterk sannvottun viðskiptavinar fari fram.
- Í þeim tilvikum þar sem ekki er vitað fyrirfram hver upphæð greiðslu með korti verður (svo sem bílaleiga og hótelkostnaður) getur söluaðili einungis fryst umsamda fjárhæð á korti neytandans með samþykki hans.
- Hafi neytandi veitt fyrirtæki heimild til að skuldfæra fjárhæð af reikningi sínum (e. direct debt), hefur hann átta vikur til að andmæla röngum gjaldfærslum. Skylt er að endurgreiða innan tíu virkra daga.

SANNGJÖRN VERÐLAGNING

- Þú átt rétt á upplýsingum um allan kostnað, ef hann er einhver, í tengslum við allar greiðslur.
- Að jafnaði mega söluaðilar, hvort sem er í verslunum eða á netinu, ekki krefjast hærra verðs en uppgefið er („álag“) þegar greitt er með debet- eða kreditkorti neytenda. Við tilteknar aðstæður, til dæmis þegar um ákveðnar tegundir korta er að ræða, kann þó enn að vera heimilt að leggja á slíkt álag. Álagið verður þá að endurspegla raunverulegan kostnað söluaðilans af viðkomandi greiðslumáta. Teljir þú að of hátt gjald hafi verið lagt á þig með ósanngjörnum hætti, til dæmis við bókun flugs eða greiðslu fyrir hótelpöntun, skaltu fara á vefslóðina sem gefin er upp á næstu síðu til að kynna þér réttindi þín nánar.

NÝ ÞJÓNUSTA

- Þökk sé nýlegri tækni getur þú nú valið að nýta þér nýja og nýstárlega fjármálaþjónustu sem boðin er af eftirlitsskyldum aðila, þ.e. bönkum og öðrum greiðsluþjónustuveitendum en þínum eigin viðskiptabanka. Þetta þýðir meðal annars að þú getur fylgst með eigin fjármálum eða verslað á netinu án þess að nota kredit- eða debetkort. Rétt eins og bankar þurfa þessir nýju greiðsluþjónustuveitendur að hafa starfsleyfi og sæta eftirliti, auk þess sem þeim ber að meðhöndla gögnin þín á öruggan hátt.

Reglur ESB eiga að tryggja að rafrænar greiðslur þínar gangi snurðulaust fyrir sig. Komi hins vegar upp vandamál ber bankanum þínum eða öðrum greiðsluþjónustuveitendum að bregðast við kvörtunum innan 15 virkra daga. Ef þú ert enn ekki sátt/sáttur getur þú vísað málinu til lögbærs yfirvalds.

Frekari upplýsingar má finna hér:

https://europa.eu/!Bn34nv